

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til febrúar 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs eftir fyrstu two mánuði ársins 2003. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstremisfirlit. Tölnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða geta tilfærslur greiðslna milli mánaða haft veruleg áhrif á samanburð við fyrra ár.

Handbært fé frá rekstri nam tæpum 1,5 milljörðum króna til samanburðar við 3,3 milljarða í febrúar 2002. Fjármunahreyfingar voru jákvæðar um 1 milljarð króna í stað 155 m.kr. neikvæðrar stöðu í fyrra. Hreinn lánsfjárjöfnuður var jákvæður um tæplega 2,5 milljarða króna en var á sama tíma í fyrra jákvæður um 3,2 milljarða króna.

Heildartekjur ríkissjóðs námu tæpum 44,2 milljörðum króna og hækka um 2,7 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða um 6,4%. Skatttekjur ríkissjóðs námu 40,9 milljörðum króna eða 6,2% meiri en á sama tíma í fyrra. Það jafngildi um 4,6% raunhækku milli ára. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu 9,7 milljörðum króna, eða 2,8% meira en á sama tíma í fyrra. Innheimtir tryggingargjalda nam um 3,7 milljörðum króna og hækkaði um 2% á milli ára. Veigamesta breytingin er hins vegar 13% hækkan almennum veltuskatta á milli ára, eða sem nemur 11½% að raungildi. Mestu munar um tæplega 12% meiri innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Auk þess skilar vörugjöld af ökutækjum, bensíni og áfengi umtalsvert meiri tekjum en í fyrra. Að öllu samanlöögðu gefa þessar tölur vísbendingu um að innlend eftirsprung sé heldur að taka við nokkurn samdrátt að undanförnu.

Greidd gjöld nema 42,3 milljörðum króna og hækka um 4,1 milljarð frá fyrra ári, þar sem mestu munar um 2 milljarða hækkan vaxtagreiðslna, en sú hækkan er í samræmi við áætlun fjárlaga. Hækkan gjalda milli ára, án vaxtagreiðslna nemur því 2,1 milljarði króna eða um 6%. Greiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslu hækka um 1,9 milljaðra króna og hækkan almannatrygginga nemur rúmum 400 m.kr. Á móti vegur að greiðslur til atvinnumála lækka um 600 m.kr. þar sem greiðslur til vegamála freast vegna minni snjómoksturs. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

### Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar (í milljónum króna)

	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
<b>Innheimtar tekjur.....</b>	31.706	36.708	40.070	41.483	44.155
- Saluhagn. af hlutabr. og eignahl.....	0	0	0	0	-425
<b>Greidd gjöld.....</b>	28.311	30.715	37.853	38.173	42.266
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>3.395</b>	<b>5.993</b>	<b>2.218</b>	<b>3.310</b>	<b>1.464</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>-1.763</b>	<b>3.433</b>	<b>-1.635</b>	<b>-155</b>	<b>992</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður.....</b>	<b>1.632</b>	<b>9.427</b>	<b>583</b>	<b>3.155</b>	<b>2.456</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-12.200</b>	<b>-10.648</b>	<b>-5.041</b>	<b>-10.687</b>	<b>-4.851</b>
Innanlands.....	-5.804	-7.360	-5.041	-599	-4.851
Erlendis.....	-6.396	-3.288	0	-10.088	0
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>-500</b>	<b>-1.000</b>	<b>-2.500</b>	<b>-1.500</b>	<b>-1.250</b>
<b>Lánsfjárjöfnuður. brúttó.....</b>	<b>-11.068</b>	<b>-2.221</b>	<b>-6.958</b>	<b>-9.033</b>	<b>-3.645</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>3.270</b>	<b>3.436</b>	<b>7.837</b>	<b>11.185</b>	<b>175</b>
Innanlands.....	-2.850	1.499	4.433	1.062	4.023
Erlendis.....	6.120	1.937	3.404	10.123	-3.848
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>-7.798</b>	<b>1.215</b>	<b>879</b>	<b>2.152</b>	<b>-3.471</b>

Lántökur innanlands námu rúnum 4 milljörðum króna en afborganir voru tæpar 4,9 milljarðar. Þá voru greiddar 1.250 m.kr. til Lifeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Erlend skammtímalán voru greidd niður um 3,8 milljarða króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins.

**Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar  
(í milljónum króna)**

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	Breyting frá fyrra ári. %			
				<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>37.131</b>	<b>38.483</b>	<b>40.886</b>	<b>17,1</b>	<b>8,9</b>	<b>3,6</b>	<b>6,2</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>13.972</b>	<b>15.710</b>	<b>15.745</b>	<b>26,3</b>	<b>15,9</b>	<b>12,4</b>	<b>0,2</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	8.104	9.426	9.678	14,1	9,4	16,3	2,7
Tekjuskattur lögaðila.....	1.195	690	384	38,9	30,3	-42,3	-44,3
Skattur á fjármagnstekjur.....	4.673	5.594	5.683	55,8	25,4	19,7	1,6
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>3.292</b>	<b>3.629</b>	<b>3.700</b>	<b>9,8</b>	<b>3,5</b>	<b>10,2</b>	<b>2,0</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>1.759</b>	<b>1.263</b>	<b>1.269</b>	<b>33,0</b>	<b>11,3</b>	<b>-28,2</b>	<b>0,5</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>18.019</b>	<b>17.784</b>	<b>20.115</b>	<b>11,5</b>	<b>4,7</b>	<b>-1,3</b>	<b>13,1</b>
Virðisaukaskattur.....	12.021	11.972	13.397	18,3	5,9	-0,4	11,9
Aðrir óbeinir skattar.....	5.998	5.810	6.891	0,4	2,5	-3,1	18,6
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	591	393	528	-1,1	-26,9	-33,5	34,4
Vörugjöld af bensíni.....	1.053	945	1.185	-17,8	31,1	-10,3	25,4
Þungaskattur.....	1.005	945	985	1,9	-0,6	-6,0	4,2
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	1.222	1.194	1.740	-8,5	11,8	-2,3	45,7
Annað.....	2.127	2.333	2.453	15,6	-0,5	9,7	5,1
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>89</b>	<b>97</b>	<b>57</b>	<b>25,0</b>	<b>57,5</b>	<b>9,0</b>	<b>-41,2</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>2.939</b>	<b>3.000</b>	<b>3.267</b>	<b>1,0</b>	<b>12,1</b>	<b>2,1</b>	<b>8,9</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>40.070</b>	<b>41.483</b>	<b>44.155</b>	<b>15,8</b>	<b>9,2</b>	<b>3,5</b>	<b>6,4</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar  
(í milljónum króna)**

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	Breyting frá fyrra ári. %			
				<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>3.120</b>	<b>3.839</b>	<b>4.045</b>	<b>30,3</b>	<b>-9,4</b>	<b>23,0</b>	<b>5,4</b>
Almenn opinber mál.....	1.799	2.390	2.432	26,2	-14,2	32,9	1,8
Löggæsla og öryggismál.....	1.322	1.449	1.612	37,3	-1,9	9,6	11,2
<b>Félagsmál.....</b>	<b>19.519</b>	<b>23.040</b>	<b>25.185</b>	<b>1,8</b>	<b>19,4</b>	<b>18,0</b>	<b>9,3</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál....	4.769	5.641	6.025	2,8	14,7	18,3	6,8
Heilbrigðismál.....	7.651	9.206	10.389	-2,0	26,4	20,3	12,9
Almannatryggingamál.....	6.113	6.941	7.374	3,0	16,3	13,5	6,2
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>5.999</b>	<b>5.456</b>	<b>4.863</b>	<b>13,9</b>	<b>38,1</b>	<b>-9,1</b>	<b>-10,9</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	2.576	2.103	2.015	5,3	53,1	-18,4	-4,2
Samgöngumál.....	1.854	2.000	1.434	23,3	16,6	7,9	-28,3
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>7.383</b>	<b>3.781</b>	<b>5.827</b>	<b>14,9</b>	<b>40,7</b>	<b>-48,8</b>	<b>54,1</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>1.831</b>	<b>2.057</b>	<b>2.346</b>	<b>8,2</b>	<b>38,2</b>	<b>12,3</b>	<b>14,0</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>37.853</b>	<b>38.173</b>	<b>42.266</b>	<b>8,5</b>	<b>23,2</b>	<b>0,8</b>	<b>10,7</b>